



Ársuppgjör 2020

Lilja Björk Einarsdóttir
Bankastjóri

Hreiðar Bjarnason
Frankvæmdastjóri Fjármála og
reksturs

Traustur rekstur og sterk staða

Stærsta og öflugasta fjármálafyrirtæki á landinu

- Gríðarleg framþróun í stafrænni þjónustu - 40 nýjungar á 3 árum
- Traust viðskiptasambönd um land allt og sterk markaðshlutdeild
- Í fararbroddi í eignastýringu í samvinnu við Landsbréf
- Öflugir tæknilegir innviðir sem standast álag og öryggiskröfur

Sterk fjárhagsstaða

- Eiginfjárlutföll vel yfir lágmarkskröfum og rými til arðgreiðslu á árinu.
- Stöðugleiki í rekstri og skilvirkni
- Óvissu mætt með 12 ma varúðarfærslu á árinu

Fjölbreytt fjármögnun

- Innlán viðskiptavina hafa aukist og innlend útgáfa er öflug
- Sterk lausafjárstaða

Með sjálfbærni að leiðarljósi

- Framúrskarandi UFS áhættumat
- Sjálfbær fjármálaumgjörð

Metnaðarfullt og lausnamiðað starfsfólk

- Góð samvinna og rík þjónustulund skilar sér í ánægju viðskiptavina
- Starfsánægja aldrei mælst hærrí

Hagnaður ársins

10,5 ma.kr.

Eiginfjárlutfall

25,1%

Lágmarkskrafa 18,8%

Kostnaðarlutfall

47,4%

Hlutfall kostnaðar og tekna (K/T hlutfall)

Heildarinnlán

793 ma.kr.

Heildarútlán

1.273 ma.kr.

Eignir í stýringu

517 ma.kr.

BBB
með stöðugum horfum

Lánshæfiseinkunn Landsbankans frá S&P Global Ratings er BBB/A-2 með stöðugum horfum

EUROMONEY
AWARDS FOR EXCELLENCE
2020

Besti bankinn á Íslandi að mati *Euromoney*

The Banker
GLOBAL FINANCIAL INTELLIGENCE SINCE 1926


Besti bankinn á Íslandi að mati *The Banker*

Helstu niðurstöður – Rekstur 4F 2020


- Hækkun á mörkuðum skilaði góðri afkomu.

- Hagnaður á fjórða ársfjórðungi 2020 nam 9,8 milljörðum króna eftir skatta, í samanburði við 3,9 milljarða króna hagnað á fjórða ársfjórðungi 2019.
- Hreinar vaxtatekjur námu 9,7 milljörðum króna í samanburði við 9,6 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2019.
- Virðisbreyting útlána var jákvæð um 1,5 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2020 samanborið við virðisrýrnun upp á 1,4 milljarða króna á sama tímabili 2019.
- Á fjórðungnum var framkvæmt sérstækt mat á öllum einstökum mikilvægum útlánnum til fyrirtækja sem hafa fengið COVID-19 úrræði.
- Hreinar þjónustutekjur á tímabilinu eru 2,0 milljarðar króna og eru nánast óbreyttar frá sama tímabili árið áður.
- Rekstrarkostnaður lækkar um 555 milljónir milli ára sem einkum má rekja til lækkunar á bankaskatti.
- Arðsemi eigin fjár var 15,5% á fjórða ársfjórðungi 2020 samanborið við 6,3% á sama ársfjórðungi 2019.
- Kostnaðarhlutfall á fjórða ársfjórðungi ársins var 38,8% samanborið við 46,2% á fjórða ársfjórðungi 2019.


Hagnaður




Arðsemi eigin fjár



Hreinar vaxtatekjur



Kostnaðarhlutfall (K/T)




Helstu niðurstöður – Rekstur 2020


- Hagnaður dregst saman á milli ára, einkum vegna aukinnar virðisrýrnunar útlána.

- Hagnaður ársins 2020 nam 10,5 milljörðum króna eftir skatta, í samanburði við 18,2 milljarða króna hagnað árið 2019.
- Hreinar vaxtatekjur námu 38,1 milljarði króna í samanburði við 39,7 milljarða króna 2019.
- Virðisrýrnun fjáreigna var 12 milljarðar króna árið 2020 samanborið við 4,8 milljarða króna árið 2019. Aukningu í virðisrýrnun má rekja til áhrifa heimsfaraldursins.
- Í lok árs eru um 70% útlána til fyrirtækja í ferðaþjónustu með sértæk úrræði, samtals að fjárhæð 73,1 milljarðar króna. Framlag í virðisrýrnunarsjóð vegna þessarar lána nemur 5,6 milljörðum króna.
- Hreinar þjónustutekjur á árinu eru 7,6 milljarðar króna samanborið við 8,2 milljarða á árinu 2019.
- Rekstrarkostnaður var 25,6 milljarðar króna samanborið við 28,2 milljarða króna árið 2019.
- Arðsemi eigin fjár var 4,3% árið 2020 samanborið við 7,5% árið 2019.
- Kostnaðarhlutfall ársins var 47,4% samanborið við 42,6% árið 2019.


Hagnaður




Arðsemi eigin fjár



Hreinar vaxtatekjur



Kostnaðarhlutfall (K/T)




Helstu niðurstöður – Efnahagur


- Aukin umsvif í íbúðalánnum.

- Heildareignir námu 1.564 milljörðum króna í lok árs 2020.
- Útlán jukust um 133 milljarða króna frá áramótum. Útlán til fyrirtækja hafa aukist um 9 milljarða og útlán til heimila hafa aukist um 124 milljarða króna.
- Eigið fé Landsbankans nam 258,3 milljörðum króna í lok árs 2020 og hefur hækkað úr 247,7 milljörðum króna frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall alls er 25,1% í árslok 2020 og hefur lækkað úr 25,8% frá árslokum 2019 en er vel umfram 18,8% eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlitsins.
- Á aðalfundi bankans, sem haldinn var 22. apríl 2020, var samþykkt tillaga bankaráðs um að arður yrði ekki greiddur til hluthafa vegna rekstrarársins 2019 í ljósi þeirrar efnahagslegu óvissu sem ríkti vegna útbreiðslu COVID-19 og í samræmi við tilmæli Seðlabanka Íslands.
- Bankaráð hyggst leggja til að hluthafafundur samþykki að greiða arð til hluthafa vegna rekstrarársins 2020 að fjárhæð tæplega 4,5 milljarðar króna, eða sem samsvarar 43% af hagnaði samstæðunnar á árinu 2020.
- Heildarlausafjárþekja (LCR) er 154% í lok árs 2020 en var 161% í lok árs 2019. Hlutföllin eru vel umfram lágmarkskröfu.


Heildareignir




Eiginfjárhlutfall alls



Útlán og kröfur á viðskiptavini




Heildarlausafjárþekja (LCR)




Þróun lykilmælikvarða

- Efnahagssamdráttur hefur neikvæð áhrif á arðsemi eigin fjár. Fjárhagslegur styrkleiki áfram mikill.


Arðsemi eigin fjár




Eiginfjárlutfall



Kostnaðarlutfall (K/T)



Heildarlausafjárþekja



Árið 2020 – hlutfall íbúðalána af heildarútlánnum hefur aldrei verið hærra

-Vaxtalækkunar, góð þjónusta og traust fjármögnun



81%

viðskiptavina framkvæma greiðslumat vegna íbúðalána rafrænt



32%

vöxtur íbúðalána milli ára



5 mín.


Meirihluti viðskiptavina framkvæmir greiðslumat með rafrænum hætti. Það tekur aðeins fimm mínútur.



10.000


Rúmlega 10.000 einstaklingar og fjölskyldur tóku íbúðalán hjá okkur árið 2020.

Markaðshlutdeild á íbúðalánamarkaði




Árið 2020 – varfærin og framsýn nálgun á óvissutímum

-Veruleg aukning í virðisrýrnunarsjóði á fyrstu tveimur ársfjórðungum, en minnkar á fjórða ársfjórðungi



Árið 2020 – úrræði fyrir viðskiptavinum vegna heimsfaraldurs


-Fáir einstaklingar með virk úrræði í lok árs, en fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfa áfram stuðning



■ Virk Covid-19 úrræði ■ Óvirk Covid-19 úrræði ■ % virkt úrræði

Einstaklingar

Um 8% af útlánnum til einstaklinga fengu úrræði í formi frestun greiðslna. Aðeins 0,2% eru enn með virkt úrræði í lok ársins.



■ Virk Covid-19 úrræði ■ Óvirk Covid-19 úrræði ■ % virkt úrræði

Fyrirtæki

Rúmlega 20% af útlánnum til fyrirtækja fengu úrræði í formi frestun greiðslna. Þar af eru um 12% með virk úrræði í lok ársins, aðallega fyrirtæki í ferðaþjónustu.



„Landsbanki nýrra tíma er banki sem er í stöðugri þróun og nýtir stafræna tækni til að veita fjármálaþjónustu með mannlegri nálgun. Bankinn ætlar að vera til staðar um land allt en breyta þjónustunni smám saman í takt við þarfir samtímans.“

– Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri.



LANDSBANKI NÝRRA TÍMA

Traust



Gildi Landsbankans er traust. Viðskiptavinir eiga að geta treyst því að við séum til staðar og að rekstur bankans sé í öruggum höndum.

Viðskiptavinir

Framför

Árangur

Við setjum ánægju viðskiptavina í fyrsta sæti, gerum bankann stöðugt snjallari og byggjum upp árangursmiðaða menningu.

Leiðandi



Okkar markmið er að viðskiptavinir geti alltaf afgreitt sig sjálfir, hvar og hvenær sem er. Við ætlum að auka þjónustutekjur með því að bjóða upp á nýjar, virðisaukandi lausnir fyrir viðskiptavinum bankans. Við vinnum að því að gera Landsbankann að leiðandi banka á Norðurlöndunum þegar horft er til fjármálaþjónustu framtíðarinnar.

Fjárhagsleg markmið

- Metnaðarfull markmið og sterkur efnahagur.

		Markmið	2020	Leiðbeinandi viðmið
Arðsemi	Arðsemi eigin fjár	≥ 10%	4,3%	Langtímamarkmið bankans er að arðsemi eiginfjár verði um eða yfir 10%. Í núverandi lágvaxtaumhverfi er hins vegar gert ráð fyrir að á árunum 2021-2023 verði arðsemi eigin fjár á bilinu 6% - 8%.
Skilvirkni	Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	≤ 45%	47,4%	Markmið bankans er að K/T hlutfall sé undir 45%. Þó er ólíklegt að það náist í núverandi lágvaxtaumhverfi.
Fjárhagslegur styrkur	Arðgreiðsluhlutfall	~ 50%	0,0%	Til viðbótar er stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
	Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)	≥ 18%	23,2%	Markmið bankans um eiginfjárhlutföll fela í sér stjórnendaauka sem nemur mismun á þessum fjárhagslegu markmiðum og lögbundnum eiginfjárkröfum á hverjum tíma.
	Eiginfjárhlutfall alls	≥ 22%	25,1%	Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegnu eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum. Bankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans.

Vinum saman að sjálfbærni

- Árangur í sjálfbærni næst þegar allir taka þátt og deila þekkingu.



Fjármálaverkefni Umhverfisstofnunar SP (UNEP-FI)

Landsbankinn var einn af stofnaðilum UNEP-FI árið 1992.



Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð

Landsbankinn var einn af stofnaðilum Festu árið 2011 og er virkur þátttakandi í starfi félagsins.



Landsbankinn er aðili að PRI sem hefur það að markmiði að innleiða m.a. umhverfis- og samfélagssjónarmið í ákvörðunartöku við fjárfestingarákvarðanir.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Landsbankinn fylgir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti.



Loftslagsyfirlýsing

Landsbankinn skrifar undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar.



Nýjasta úttekt á UFS-vinnu Landsbankans gaf einkunnina A3 eða framúrskarandi.



Landsbankinn er aðili að PCAF sem gaf út fyrsta loftlagsmæli sem er sérsniðinn að fjármála fyrirtækjum.



Kolefnishlutleysi

Landsbankinn fær vottun frá CarbonNeutral® fyrir kolefnisjöfnun fyrir árið 2020.

1992

2006

2011

2012

2013

2015

2017

2018

2019

2020



Hnattrænt samkomulag SP

Við höfum verið þátttakandi í hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna frá 2006.



Landsbankinn er að gefa út sína tíundu GRI skýrslu í ár um framvindu sjálfbærni í bankanum.

Landsbankinn var einn af stofnaðilum IcelandSIF árið 2017.



Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (UNEP-FI PRB). Landsbankinn skuldbatt sig í september 2019 til að innleiða og fylgja PRB.



Í UFS-áhættumati Sustainalytics í maí 2020 var bankinn í 2. sæti af 382 bönkum sem starfa í Evrópu og fyrirtækið mældi.



Sjálfbær fjármálaumgjörð

Unnið að undirbúningi sjálfbærrar fjármálaumgjörðar sem var gefin út í janúar 2021.

Sjálfbærar fjárfestingar

Landsbankinn aðili að viljayfirlýsingu Festu og SFF um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar

Markaðshlutdeild og ánægja viðskiptavina

- Mannleg nálgun og traust viðskiptasambönd eru lykillinn að árangri



Frábærar lausnir einfalda viðskiptavinum lífið

- Um 98% af daglegum bankaviðskiptum einstaklinga og fyrirtækja hjá bankanum eru stafræn



88,6%

bílasamninga og fylgiskjala undirritað rafrænt á árinu



3 mín

Það tekur aðeins 3 mínútur að fá aðgang að netbanka, stofna reikninga og kort og byrja að greiða með síma eða úri.



97%

af erlendum greiðslum í sjálfsafgreiðslu



3x

Rafrænar undirritanir umsókna og samninga þrefölduðust á síðustu 12 mánuðum



93%

breytinga á yfirdráttarheimildum eru framkvæmdar rafrænt



67%

fyrirtækja stofna reikninga í sjálfsafgreiðslu



28.400

pöntuð símtöl eða tímar í útibúum




70.000

manns nota appið til að sinna sínum fjármálum

Stafræn stórsókn

- Landsbankinn hefur þróað 40 nýjungar fyrir viðskiptavinum síðustu 3 ár



Rekstrarreikningur



Rekstrarreikningur


- Góð afkoma á fjórða ársfjórðungi leiðir til 10,5 milljarða króna hagnaðar fyrir árið í heild.

	2020	2019	Breyting		4F 2020	4F 2019	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	38.074	39.670	-1.596	-4%	9.694	9.580	114	1%
Hreinar þjónustutekjur	7.638	8.219	-581	-7%	1.981	2.125	-144	-7%
Hrein virðisbreyting	-12.020	-4.827	-7.193	149%	1.535	-1.399	2.934	-210%
Aðrar rekstrartekjur	4.561	8.455	-3.894	-46%	4.867	1.957	2.910	149%
Rekstrartekjur samtals	38.253	51.517	-13.264	-26%	18.077	12.263	5.814	47%
Laun og launatengd gjöld	14.767	14.458	309	2%	3.986	3.805	181	5%
Annar rekstrarkostnaður	9.064	9.534	-470	-5%	2.433	2.505	-72	-3%
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	1.815	4.204	-2.389	-57%	400	1.064	-664	-62%
Rekstrargjöld samtals	25.646	28.196	-2.550	-9%	6.819	7.374	-555	-8%
Hagnaður fyrir skatta	12.607	23.321	-10.714	-46%	11.258	4.889	6.369	130%
Tekjuskattur	2.086	5.086	-3.000	-59%	1.436	1.014	422	42%
Hagnaður ársins	10.521	18.235	-7.714	-42%	9.822	3.875	5.947	153%

Rekstrarreikningur

- Aukin virðisryrnun útlána helsta skýringin á því að hagnaður lækkar milli ára.


Breyting milli 2020 og 2019




Hreinar rekstrartekjur

- Samdráttur í tekjum vegna efnahagsástands og lágvaxtaumhverfis.


Samsetning tekna




Hreinar vaxtatekjur



Hreinar þjónustutekjur




Hlutabréf




Hreinar rekstrartekjur

- Ríflega 12 milljarða virðisrýrnun útlána, en jákvæður viðsnúningur á fjórða ársfjórðungi.


Markaðsskuldabréf




Gengismunur gjaldmiðla



Hrein virðisbreyting útlána og krafna




Aðrar rekstrartekjur (og gjöld)




Rekstrargjöld

- Áframhaldandi kostnaðaraðhald og fækkun stöðugilda samhliða aukinni sjálfvirkni.



Laun og tengd gjöld



Stöðugildi



Annar rekstrarkostnaður



Skattar

- Skattar lækka í takt við lækkun hagnaðar og bankaskattur lækkar vegna lagabreytinga.


	2020	2019	Breyting	
Reiknaður tekjuskattur	1.692	4.019	-2.327	-58%
Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað ¹	394	1.067	-673	-63%
Tekjuskattur	2.086	5.086	-3.000	-59%
Sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki ²	1.815	4.204	-2.389	-57%
Sérstakur fjársýsluskattur á laun ³	707	709	-2	0%
Samtals	4.608	9.999	-5.391	-54%

¹6% Viðbótarskattur á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna.

²Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% (0,376% 2019) byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum fráöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

³5,5% skattur á laun, bókast meðal launa og tengdra gjalda í ársreikningi.

Skattar



- Sérstakur fjársýsluskattur á laun
- Sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki
- Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað
- Reiknaður tekjuskattur

Efnahagsreikningur





Heildareignir

- Hækka um 10% milli ára, drifið áfram af aukinni markaðshlutdeild í íbúðalánnum til einstaklinga

	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	67.604	69.824	-2.220	-3%
Markaðsskuldabréf	119.330	115.262	4.068	4%
Hlutabréf	26.808	30.019	-3.211	-11%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	48.073	47.929	144	0%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.273.426	1.140.184	133.242	12%
Aðrar eignir	28.936	23.110	5.826	25%
Samtals	1.564.177	1.426.328	137.849	10%


Fjárhæðir í milljónum króna




Útlán og kröfur á viðskiptavini

- Mikill vöxtur óverðtrygðra útlána, en verðtryggð útlán dragast saman.


Heildarútlán



Vandræðalán



*Vegna tímabundinna COVID-19 úrræða og frestunar á greiðslum þá mælast 90 daga vanskil minni en ella.




Útlán eftir áhættustigum

	Bókfært virði brúttó		Framlag í virðisrýmunarsjóð		Bókfært virði nettó	
Áhættustig 1	1.089	83,9%	4	0,4%	1.085	85,2%
Áhættustig 2	153	11,8%	7	4,6%	146	11,5%
Áhættustig 3	40	3,1%	14	35,0%	26	2,0%
Gangvirði	16	1,2%	-	-	16	1,3%
Samtals	1.298	100%	25	1,9%	1.273	100%


Virðisbreyting útlána

- Mikil aukning í virðisrýrnunarsjóði útlána á árinu, einkum tengt ferðapjónustu.


Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




Áhrif virðisbreytinga á rekstur 2020



Heildarútlán eftir flokkun í áhættustig




Virðisrýrnunarsjóður sem hlutfall af kröfuvirði




Útlán til einstaklinga

- Óverðtryggð íbúðalán aukast um 153 milljarða króna, en uppgreiðslur leiða til 27 milljarða króna lækkunar verðtryggðra íbúðalána.


Útlán til einstaklinga




Útlán til einstaklinga eftir flokkun í áhættustig



Útlán heimila eftir lánsformum




Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Útlán til fyrirtækja

- Aukning í útlánnum til sjávarútvegs, en takmörkuð eftirspurn í öðrum atvinnugreinum vegna efnahagssamdráttar.


Útlán til fyrirtækja



Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig



Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Skuldir og eigið fé

- Mikill vöxtur innlána, sem áfram eru um helmingur af heildarfjármögnun bankans.


	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	48.725	48.062	663	1%
Innlán frá viðskiptavinum	793.427	707.813	85.614	12%
Lántaka	420.178	373.168	47.010	13%
Aðrar skuldir	22.226	30.470	-8.244	-27%
Víkjandi lántaka	21.366	19.081	2.285	12%
Eigið fé	258.255	247.734	10.521	4%
Samtals	1.564.177	1.426.328	137.849	10%

Innlán frá viðskiptavinum



Fjárhæðir í milljörðum króna

Skuldir og eigið fé




Fjárhæðir í milljónum króna


Lánsfjármögnun

- Stöðugur vöxtur í útgáfu sértryggðra skuldabréfa undanfarin ár.


Sundurliðun lánsfjármögnunar




Samsetning lánsfjármögnunar



Útgáfa lánsfjármögnunar



Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar *




*EUR 100m víkjandi lán eru á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.
ISK 5,5 milljarðar víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljónum króna


Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

- Sterk lausafjár- og fjármögnunarhlutföll.


Heildarlausafjárþekja




Fjármögnunarþekja



Lausafjárþekja ISK



Lausafjárþekja erlendra mynta




Eiginfjárkröfur


- Eiginfjárhlutföll vel yfir lágmarkskröfum.

	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	1,9%	2,6%	3,4%
Lámarskrafa undir stoð I og stoð II-R	6,4%	8,6%	11,4%
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	2,88%	2,88%	2,88%
Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki	2,00%	2,00%	2,00%
Sveiflujöfnunarauki	0,00%	0,00%	0,00%
Verndunarauki	2,50%	2,50%	2,50%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka undir stoð II-G	7,38%	7,38%	7,38%
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	13,8%	16,0%	18,8%
Eiginfjárhlutfall alls 31.12.2020	23,2%	23,2%	25,1%

Áhættuvegnar eignir



Heildarkrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni



- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Bankinn beitir virkri nálgun (e. dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Þann 19. mars 2020 ákvað Seðlabanki Íslands að aflétta kröfu um 2% sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar, sem viðbrögð við COVID-19 faraldrinum. Heildarkrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn Landsbankans er því 18,8% í lok árs 2020.

Arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall

- Arðgreiðslutillaga 2021 í samræmi við hámarksviðmið Fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands.

Engin arðgreiðsla á árinu 2020

- Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 22. apríl 2020, samþykkti tillögu bankaráðs um að arður yrði ekki greiddur út vegna rekstrarársins 2019 í ljósi efnahagslegrar óvissu í kjölfar COVID-19 og í samræmi við tilmæli Seðlabanka Íslands.


Arðgreiðslutillaga 2021

- Bankaráð hyggst leggja til að hluthafafundur samþykki að greiða arð til hluthafa sem nemur 0,19 krónum á hlut vegna rekstrarársins 2020. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 4.489 milljónir króna eða sem samsvarar 43% af hagnaði samstæðunnar á árinu 2020. Arðgreiðslutillagan er í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands.


Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjástöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.


Arðgreiðslur



Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 2020



Eignarhald og lánshæfismat




- Ný eigendastefna fyrir fjármálafyrirtæki sem ríkissjóður Íslands á eignarhlut í var gefin út í febrúar 2020.

Áform ríkissjóðs varðandi Landsbankann

- Stefnt er að því að ríkið eigi verulegan eignarhlut í bankanum til langframa til að stuðla að stöðugleika í fjármálakefinu og tryggja nauðsynlega innviði þess.
- Ekki verður tekin ákvörðun um sölufærli á neinum hlutum ríkisins í bankanum fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka.

	 Ríkissjóður Íslands	Landsbankinn hf.	
		Almenn einkunn	Sértryggð skuldabréf
Langtíma	A	BBB	A-
Skammtíma	A-1	A-2	-
Horfur	Stöðugar	Stöðugar	Stöðugar
Útgáfudagur	mars 2017	apríl 2020	janúar 2021




Viðauki - ítarefni




Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

Sviðsmyndir – Fjöldi ferðamanna (þúsund manns)




- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 25% vægi, grunnsviðsmyndinni 50% vægi og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%.

Hagvöxtur




Atvinnuleysi




Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi


Verðbólga




Meginvextir Sí (sjö daga bundin innlán)



EUR/ISK



Íbúðaverð (breyting milli ára)



Kennitölur

	4F 2020	3F 2020	2F 2020	1F 2020	4F 2019	2020	2019	2018	2017	2016
Hagnaður (tap) eftir skatta	9.822	3.986	341	-3.628	3.875	10.521	18.235	19.260	19.766	16.643
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	17,8%	8,5%	-0,9%	-5,4%	8,0%	5,1%	9,6%	11,1%	11,0%	8,7%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	15,5%	6,5%	0,6%	-5,9%	6,3%	4,3%	7,5%	8,2%	8,2%	6,6%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	2,5%	1,0%	0,1%	-1,0%	1,1%	0,7%	1,3%	1,5%	1,7%	1,5%
Eiginfjárlutfall alls	25,1%	24,7%	24,9%	24,8%	25,8%	25,1%	25,8%	24,9%	26,8%	30,2%
Hreinar vaxtatekjur	9.694	9.441	9.512	9.427	9.580	38.074	39.670	40.814	36.271	34.650
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,4%	2,4%	2,5%	2,6%	2,7%	2,5%	2,8%	3,2%	3,1%	3,1%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	38,8%	46,6%	42,7%	77,8%	46,2%	47,4%	42,6%	45,5%	46,1%	48,4%
Heildarlausafjárþekja	154%	186%	191%	196%	161%	154%	161%	158%	157%	128%
Lausafjárþekja erlendra mynta	424%	379%	476%	489%	769%	424%	769%	534%	931%	743%
Lausafjárþekja ISK	105%	107%	114%	96%	61%	105%	61%	44%	60%	90%
Fjármögnunarþekja	116%	115%	117%	115%	117%	116%	117%	120%	124%	123%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	132%	116%	121%	127%	143%	132%	143%	166%	179%	154%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	1,6%	1,3%	1,6%	1,7%	1,8%	1,6%	1,7%	1,9%	2,0%	2,1%
Heildareignir	1.564.177	1.610.265	1.501.110	1.523.188	1.426.328	1.564.177	1.426.328	1.326.041	1.192.870	1.111.157
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	160,5%	154,3%	157,9%	157,7%	161,1%	160,5%	161,1%	153,6%	153,0%	144,7%
Stöðugildi	878	884	872	886	893	878	893	919	997	1.012

Rekstur

	4F 2020	3F 2020	2F 2020	1F 2020	4F 2019
Hreinar vaxtatekjur	9.694	9.441	9.512	9.427	9.580
Hreinar þjónustutekjur	1.981	2.059	1.653	1.945	2.125
Hrein virðisbreyting	1.535	-120	-8.191	-5.244	-1.399
Gjaldeyrisingismunur	-52	-52	-259	85	-300
Aðrar rekstrartekjur	4.919	-427	3.160	-2.813	2.257
Rekstrartekjur samtals	18.077	10.901	5.875	3.400	12.263
Laun og launatengd gjöld	3.986	3.135	3.802	3.844	3.805
Annar rekstrarkostnaður	2.433	1.995	2.206	2.430	2.505
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	400	540	425	450	1.064
Rekstrargjöld samtals	6.819	5.670	6.433	6.724	7.374
Hagnaður (tap) fyrir skatta	11.258	5.231	-558	-3.324	4.889
Tekjuskattur	1.436	1.245	-899	304	1.014
Hagnaður (tap) tímabilsins	9.822	3.986	341	-3.628	3.875

	2020	2019	2018	2017	2016
	38.074	39.670	40.814	36.271	34.650
	7.638	8.219	8.157	8.431	7.809
	-12.020	-4.827	1.352	1.785	-318
	-278	-584	-1.497	-1.375	-179
	4.839	9.039	5.084	8.400	6.738
	38.253	51.517	53.910	53.512	48.700
	14.767	14.458	14.589	14.061	14.049
	9.064	9.534	9.348	9.789	9.465
	1.815	4.204	3.860	3.253	2.973
	25.646	28.196	27.797	27.103	26.487
	12.607	23.321	26.113	26.409	22.213
	2.086	5.086	6.853	6.643	5.570
	10.521	18.235	19.260	19.766	16.643

Efnahagur

	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	67.604	69.824	-2.220	-3%
Markaðsskuldabréf	119.330	115.262	4.068	4%
Hlutabréf	26.808	30.019	-3.211	-11%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	48.073	47.929	144	0%
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.273.426	1.140.184	133.242	12%
Aðrar eignir	28.936	23.110	5.826	25%
Eignir samtals	1.564.177	1.426.328	137.849	10%
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	48.725	48.062	663	1%
Innlán frá viðskiptavinum	793.427	707.813	85.614	12%
Lántaka	420.178	373.168	47.010	13%
Aðrar skuldir	22.227	30.470	-8.243	-27%
Víkjandi lántaka	21.366	19.081	2.285	12%
Eigið fé	258.254	247.734	10.520	4%
Skuldir og eigið fé samtals	1.564.177	1.426.328	137.849	10%

	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2016
	70.854	55.192	30.662
	77.058	117.310	154.892
	23.547	27.980	26.688
	71.385	44.866	20.408
	1.064.532	925.636	853.417
	18.665	21.886	25.090
Eignir samtals	1.326.041	1.192.870	1.111.157
	34.609	32.062	20.093
	693.043	605.158	589.725
	314.412	281.874	223.944
	31.027	27.642	25.776
	13.340	77	388
	239.610	246.057	251.231
Skuldir og eigið fé samtals	1.326.041	1.192.870	1.111.157

Starfsþættir

1.1 - 31.12.2020	Einstaklingssvið	Fyrirtækjasvið	Markaðir	Fjárstýring	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	17.299	18.694	323	1.784	-26	0	38.074
Hreinar þjónustutekjur	3.164	880	4.272	-460	40	-258	7.638
Hrein virðisbreyting	-2.090	-10.040	0	111	-1	0	-12.020
Aðrar tekjur og (gjöld)	857	-1.753	742	4.709	27	-21	4.561
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	19.230	7.781	5.337	6.144	40	-279	38.253
Rekstrarkostnaður	-6.740	-2.425	-2.466	-1.080	-11.398	278	-23.831
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	-617	-570	-13	-606	-9	0	-1.815
Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til tekjusviða	-4.226	-2.650	-1.453	-778	9.107	0	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	7.647	2.136	1.405	3.680	-2.260	-1	12.607
Tekjuskattur	-1.769	-652	-36	-91	462	0	-2.086
Hagnaður (tap) tímabilsins	5.878	1.484	1.369	3.589	-1.798	-1	10.521
Heildareignir	571.874	618.305	15.472	610.948	15.680	-268.102	1.564.177
Heildarskuldir	532.377	500.671	9.987	515.309	15.680	-268.102	1.305.922
Úthlutað eigið fé	39.497	117.634	5.485	95.639	-	-	258.255

Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreynðar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.